

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Frakkastígur 6a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 22. mars 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðarinnar nr. 6A við Frakkastíg. Í breytingunni felst að hækka gólf og auka lofthæð kjallara. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Sundlaugavegur 30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 8. mars 2013, breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna lóðarinnar nr. 30 við Sundlaugaveg. Í breytingunni felst að byggja tveggja hæða varðturn ofan á núverandi búningsaðstöðu Laugardalslaugarinnar. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hverfisgata 57.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 1. mars 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðar nr. 57 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst hækkun á húsinu um eina hæð ásamt auknu byggingarmagni á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 26. mars 2013.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2013